



Lúxemborg, 10. maí 2016

FRÉTTATILKYNNING 04/2016

Dómur í sameinuðum málum E-15/15 og E-16/15 *Franz-Josef Hagedorn* gegn *Vienna-Life Lebensversicherung AG* *Vienna Life Insurance Group* og *Rainer Armbruster* gegn *Swiss Life (Liechtenstein) AG*

UPPLÝSINGASKYLDUR VÁTRYGGINGAFÉLAGA GAGNVART FRAMSALSHÖFUM Í VIÐSKIPTUM MEÐ VÁTRYGGINGAR

Með dómi sem kveðinn var upp í dag svaraði EFTA-dómstóllinn spurningum sem vísað var til hans af hálfu Hæstaréttar Liechtenstein (*Fürstlicher Oberster Gerichtshof*) um túlkun á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/83/EB frá 5. nóvember 2002 um líftryggingar (tilskipunin).

Franz-Josef Hagedorn og Rainer Armbruster (sóknaðilar), höfðu keypt einingabundin líftryggingaskírteini af aðilum sem höfðu upphaflega gert samningana við Vienna-Life Lebensversicherung AG Vienna Life Insurance Group og Swiss Life (Liechtenstein) AG (varnaðilar). Varnaðilar eru skráðir í Liechtenstein og hafa leyfi til þess að stunda líftryggingastarfsemi. Báðir sóknaðilar urðu fyrir umtalsverðu tjóni vegna fjárfestinga sinna. Dómsmálin sem rekin eru fyrir Hæstarétti Liechtenstein lúta að meintri skaðabótaábyrgð varnaðila vegna vanrækslu þeirra á að sinna upplýsingaskyldum sem kveðið er á um í 36. gr. tilskipunarinnar og nánar mælt fyrir um í Viðauka III við hana. Í 1. mgr. 36. gr. tilskipunarinnar er kveðið á um að áður en váttryggingasamningur sé gerður skuli váttryggingafélagið upplýsa váttryggingataka a.m.k. um þau atriði sem talin eru upp í A-lið III. viðauka, en viðaukinn varðar váttryggingafélagið og skuldbindingu þess. Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skal líftryggingataki meðal annars upplýstur um sérhverjar breytingar sem verða á samningstímanum á váttryggingaskilmálunum.

Dómstóllinn tók fram að 1. mgr. 36. gr. tilskipunarinnar tæki ekki til lögskipta sem lytu að því að einingabundið líftryggingaskírteini, sem þegar væri í gildi, væri framselt með kaupsamningi frá einum aðila til annars í tilvikum þar sem váttryggingaáhættan, þ.e. hinn váttryggði samkvæmt váttryggingaskírteininu, væri áfram hinn sami. Enn fremur jafngilti framsal slíks tryggingaskírteis ekki breytingu á váttryggingaskilmálum samkvæmt 2. mgr. 36. gr. nema skilmálum váttryggingarinnar væri einnig breytt og þar með jafnvægi réttinda og skyldna aðila váttryggingasamningsins. Það væri hlutverk landsdómstólsins að leggja mat á málsatvik og ákvarða hvort að viðkomandi framsöl hefðu í reynd leitt til breytinga á skilmálum þeirra einingabundnu líftryggingaskírteina sem sóknaðilar hefðu eignast.

Hvað varðaði frekari spurningar landsdómstólsins um sérstakar upplýsingaskyldur samkvæmt tilskipuninni, tók dómstóllinn í fyrsta lagi fram að ef „breyting á váttryggingaskilmálum“ hefði átt sér stað í skilningi tilskipunarinnar, þyrfti landsdómstóllinn að leggja mat á hvort upplýsingar sem tilgreindar væru í viðauka III(B)(b)(2) hefðu verið veittar framsalshafa tryggingar með skýrum, nákvæmum og fullnægjandi hætti og á opinberu tungumáli aðildarríkis þar sem gengist hefði verið undir skuldbindinguna. Í öðru lagi, skipti það engu máli varðandi upplýsingaskyldu váttryggingafélags hvort fyrri váttryggingataki væri lögaðili og nýr váttryggingataki væri neytandi, nema þessi munur hefði leitt til breytinga skilmálum váttryggingasamnings. Það skipti heldur ekki máli hvort upphaflegur váttryggingataki hefði veitt upplýsingar um sjálfan sig svo unnt væri að meta eigin áhættu hans eða stöðu hans sem fjárfestis.

Hvað varðaði þá spurningu landsdómstólsins um hvort viðauki III við tilskipunina hefði verið réttilega innleiddur í landslög Liechtenstein, tók EFTA-dómstóllinn fram að tilskipanir yrði að innleiða í landsrétt með fyllilega bindandi hætti og þeirri tilgreiningu, nákvæmni og skýrleika sem nauðsynleg væri til þess að uppfylla kröfur EES-réttar um réttarvissu. Enn fremur bæri landsdómstólum að túlka landslög til samræmis við EES-rétt. Samkvæmt 34. gr. sammings um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, hefði dómstóllinn lögsögu til þess að veita ráðgefandi álit um túlkun á EES-samningnum að beiðni landsdómstóla. Eftir uppkvaðningu slíks dóms væri það hlutverk landsdómstóla að túlka landsrétt aðildarríkis í ljósi niðurstöðu EFTA-dómstólsins. Í málum þar sem samræmd túlkun landsréttar væri ekki nægjanleg til þess að ná fram þeirri niðurstöðu sem viðkomandi EES-regla miðaði að gæti komið til þess slíku máli yrði vísað til EFTA-dómstólsins samkvæmt þeirri málsmeðferð sem kveðið væri á um í 31. gr. sammingsins um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: www.eftacourt.int.

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.